

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Verðmiðlunargjaldið skal vera 0,65 kr. á lítra af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts til framleiðenda og skal gjaldið vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Innheimta skal verðskerðingargjald á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði og skal gjaldið vera 2 kr. á kg.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.